

Umhverfisstofnun
Áb.
20. des. 2010
10.4.3
Tilv.

Þingeyjarsveit
Tryggvi Harðarsson
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. desember 2010
Tilvísun: UST20100900013/jbw

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Sílalækjar í Aðaldal

Umhverfisstofnun barst erindi dags. 31. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Sílalækjar í Aðaldal.

Deiliskipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er 10,8 hektarar að flatarmáli og er staðsett syðst á landareign Sílalækjar. Þar er gert ráð fyrir tveimur frístundahúsum til viðbótar við þau þrjú frístundahús sem fyrir eru. Núverandi frístundalóðir eru 15.000 m^2 (lóð 1), 10.000 m^2 (lóð 2) og 10.000 m^2 (lóð 3). Fyrirhugaðar lóðir verða 6.090 m^2 (lóð 4) og 7.619 m^2 (lóð 5). Nýr vegur lóðum 4 og 5 verður u.þ.b. 848 m langur og 2.773 m^2 að flatarmáli.

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Aðalskipulag liggar ekki fyrir en er í vinnslu. Þar er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og er því í ósamræmi við skilgreiningu í deiliskipulagstillöggunni.

Náttúruminjaskrá

Hluti deiliskipulagssvæðisins, þ.e. hluti lóðar 5, er innan neðangreinds svæðis á náttúruminjaskrá. Gert er ráð fyrir að hús á lóðinni verði reist rétt utan við suðurmörk svæðisins.

Nr. 527. Votlendi á Sandi og Sílalæk, Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Miklavatn í Aðaldal og myrlendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandafljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn, víðáttumikil flæðilönd með

miklu fuglalífi.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að framkvæmdir innan lóðarinnar muni hafa bein neikvæð áhrif á svæðið á náttúruminjaskrá þar sem að húsið verður ekki reist innan þess. Stofnun bendir á mikilvægi þess að vel verði gengið um svæðið og þess vandlega gætt að raska ekki ró fugla á varptíma.

Náttúruvernd, eldhraun

Fyrirhugaðar frístundalóðir og hluti vegar að þeim eru fyrirhugaðar í Aðaldalshrauni. Hraunið telst til eldhrauna eða nútímahrauna því það er yngra en 10.000 ára. Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í stefnumörkun íslenskra stjórnavalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði verndar sérstæðra jarðmyndana. Marmiðin eru að „*Fjölbreytni jarðmyndanna verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvisu*“.

Á loftmynd af svæðinu má sjá að öll lóð 5 er fyrirhuguð á eldhrauni sem og hluti lóðar nr. 4. Einnig er stór hluti vegarins að lóð 5 fyrirhugaður á eldhrauni. Framkvæmdum við hús, niðursetning lagna (siturlagna, frárennslisлага, vatnslagna og rafmagnsstrengja) og rotþróa og vegagerð mun óhjákvæmilega fylgja verulegt rask á eldhrauni og er Umhverfisstofnun því mótfallin staðsetningu frístundalóðanna og vegarins í hrauninu.

Votlendi (lækur, vatn, tjörn og myri)

Frístundalóð 4 er fyrirhuguð í grennd við Yxnavatn og læk sem rennur í vatnið og er frístundalóð 5 fyrirhuguð í grennd við Guðrúnatjörn. Einnig er gert ráð fyrir að vegur að lóðunum þveri lækinn og fari yfir myri meðfram Yxnavatni. Það er mat Umhverfisstofnunar að slík framkvæmd geti hugsanlega haft neikvæð áhrif á lækinn, rennsli vatns í Yxnavatn og myrina. Ef rennsli vatns í Yxnavatn minnkari telur stofnunin líklegt að flatarmál þess minnki.

Umhverfisstofnun bendir á að vötn og tjarnir, 1.000 m³ eða stærri, og myri, 3 ha að stærð eða stærri, nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig bendir stofnunin á ákvæði 23. gr. sömu laga um að óheimilt sé að setja niður girðingar á vatnsbökkum þannig að hindri umferð gangandi manna. Stofnunin telur brýnt að við allar framkvæmdir í tengslum við frístundabyggðina verði þess vandlega gætt að raska ekki læk og myri með vegagerð né vatni og tjörn í grennd við frístundalóðirnar.

Gróður

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir innan deiliskipulagssvæðisins verði raski á gróðri haldið í lágmarki, s.s. við byggingu húsa, niðursetningu lagna og rotþróa í jörð. Ef græða þarf upp raskað svæði telur stofnunin mikilvægt að notaðar verði staðbundnar tegundir gróðurs, bæði grasa og trjáa/runna, en bendir einnig á þann möguleika að varðveita gróðurþekju og leggja aftur yfir röskuð svæði.

Stofnunin telur brýnt að deiliskipulagsskilmálum komi fram að óheimilt sé að gróðursetja framandi tré og plöntur á svæðinu svo að gróður innan frístundalóðanna stingi ekki í stúf við gróður í grenndinni og innan svæðis nr. 527 á náttúruminjaskrá. Stofnunin vísar í þessu sambandi í reglugerð nr. 583/2000 um innflutning og ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sbr. 10. gr., um að "*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999*"

Ásýnd mannvirkja

Í deiliskipulagstillögu kemur fram að hámarkshæð húsa sé 5,5 m og að þakform sé frjálst. Umhverfisstofnun telur að í deiliskipulagsskilmálum eigi að gera ýtarlegri kröfur um útlit húsa á svæðinu svo að þau falli sem best að umhverfinu, s.s. um svipaðan þakhalla og svipað byggingarefnini.

Vatnsveita

Í deiliskipulagstillögu kemur fram að neysluvatn er og verður fengið úr uppsprettum í hrauninu og er staðsetning þeirra merkt inn á deiliskipulagsuppdrátt. Umhverfisstofnunin bendir á að öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skuli vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og að vatnslindir falli undir vatnsvernd samkvæmt ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Nauðsynlegt er að skipulagsskilmálar endurspegli umrædd ákvæði reglugerðanna.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á hættu á mengun grunn- og yfirborðsvatns ef ekki er staðið rétt að frárennslismálum. Í deiliskipulagstillögu kemur fram að ein rotþró er og verður við hvert frístundahús. Stofnunin telur afar brýnt að farið verði eftir kröfum í 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 798/1999 og bendir í því sambandi á leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir (<http://www.ust.is/Mengunarvarnir/Vatnsgaedi/Rotthraer/>). Stofnunin bendir einnig á að sveitarstjórnir skulu samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu seyru úr rotþróum.


Úrgangur

Í deiliskipulagstillögu kemur fram að sveitarfélagið sjái um sorphirðu. Í þessu sambandi bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að farið sé eftir reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003.


Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun er mótfallin því að fyrirhugaðar frístundalóðir og vegur að þeim verði í eldhrauni og að vegurinn þveri læk sem rennur í Yxnavatn og myri meðfram vatninu.

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri



Jóhanna Björk Weisshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun